



Vorskýrsla Oddeyrarskóla 2013-2014



Yfirlit yfir skólastarfið 2013 – 2014 og mat á því.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Undirbúningur að vori	3
Skólasetning	3
Upphaf skólaárs hjá verðandi 1. bekk	3
Sundnámskeið fyrir nemendur í 1. bekk	4
Vinabekkir.....	4
Uppbrotstímar	5
SMT skólafærni.....	5
Lausnateymi SMT	6
Byrjendalæsi	6
Niðurstöður úr læsisprófum.....	6
Niðurstöður úr samræmdum prófum	6
Skólapúlsinn.....	7
List- og verkgreinar á unglíngastigi.....	7
Valgreinar	8
Hefðir og venjur í Oddeyrarskóla	8
Útskriftarferð 10. bekkinga, fjáröflun og skipulag.....	10
Útivistardagar	11
Samstarf foreldrafélags og skóla	11
Foreldrasamstarf og heimsóknir á heimili nemenda.....	12
Heimsóknir til nemenda í 1. og 8. bekk.....	12
Haustfundir.....	12
Viðtalsdagar.....	12
Kaffispjall með stjórnendum	13
Skólaslit.....	13
Þróunarstarf og símenntun starfsfólks.....	13
Námskeið í tengslum við skólastarfið.....	14
Námskeiðsdagar í ágúst.....	14
Önnur námskeið á skólaárinu.....	14
Starf námsráðgjafa	15
Fréttabréf Oddeyrarskóla: Tengja og Fréttakorn	16
Mötuneyti.....	16
Frístund.....	16
Teymiskennsla - skýrslur teyma	17

Teymiskennsla í 1. og 2. bekk	17
Teymi 3. bekkjar	18
Teymi 4. bekkjar	19
Lykilhæfnipættirnir: Tjáning og miðlun og sjálfstæði og samvinna	19
Teymiskennsla í 5. - 7. bekk (miðstigi).....	20
Smiðjur á unglingsstigi (samfélagsfræði – íslenska – náttúrufræði)	21
Lokaorð.....	23

Inngangur

Þessi skýrsla um skólaárið 2013-2014 er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu þætti skólstarfs skólaársins. Skólastjóri og deildarstjórar unnu skýrsluna. Skýrslan er hluti af innra mati skólans og er birt á heimasíðu. Ekki er gerð grein fyrir öllum þáttum skólstarfsins hvert ár en helstu áherslupættir teknir og síðan gerð grein fyrir öðrum þáttum næsta skólaár. Reynt er að leggja mat á sem flesta þætti og nýta það síðan í umbótaáætlun þar sem þess er þörf.

Undirbúningur að vori

Undirbúningur að nýju skólaári byrjar í mars en þá er farið að huga að huga að tímaúthlutun, nemendafjölda næsta skólaárs, skoða fyrir séðar mannabreytingar o.fl. Í júnímánuði setjum við helstu upplýsingar inn á heimasíðu skólans, <http://www.oddeyrarskoli.is>. Þar má finna innkaupalista allra bekkja, skóladagatal fyrir skólaárið 2014-2015 og starfsmannalisti er uppfærður þegar breytingar verða. Stundaskrár koma inn á Mentor, sem og upplýsingar um skólasetningu að hausti, Frístund og fleira í þeim dúr. Í lok júnímánaðar 2014 fékk allt starfsfólks sendar upplýsingar um skipulag ágústmánaðar, fundi, fræðslu, röðun í launaflokka frá 1. ágúst og skóladagatal næsta árs.

Skólasetning

Skólasetning grunnskóla bæjarins var miðvikudaginn 22. ágúst, 2013. Skólastjóri setti skólann á sal í þrennu lagi. Umsjónarkennarar hittu síðan foreldra og börn og ræddu um áherslur og markmið komandi vetrar. Nemendur fyrsta bekkjar mættu ekki á hefðbundna setningu heldur komu þeir í viðtöl til umsjónarkennara ásamt foreldrum. Sú breyting varð frá árinu áður að nú komu nemendur ásamt foreldrum í viðtöl til umsjónarkennara í fyrstu viku septembermánaðar í stað þess að koma í viðtölin strax í upphafi. Hefðbundin kennsla hófst 23. ágúst. Fyrsti bekkur byrjaði að vanda á einum stuttum degi þann 25. ágúst en samkvæmt stunaskrá þann 26. ágúst.

Mat: Skólasetning var með hefðbundnu sniði og almenn ánægja með hana. Almenn séð fannst starfsfólki betra að hitta foreldra og nemendur þegar aðeins var liðið á skólaárið en heldur en strax í upphafi þess.

Upphaf skólaárs hjá verðandi 1. bekk

Undirbúningur grunnskólagöngu hjá 1. bekk nær í raun yfir allt síðasta árið í leikskóla. Iðavöllur er hverfisleikskólinn okkar en mikil samvinna er á milli skólanna. Deildarstjóri yngri deildar og deildarstjóri á Iðavelli settu niður samstarfsáætlun vetrarins og krakkarnir komu oft í heimsókn í skólann, auk þess sem þeir áttu fastan tíma í íþróttasalnum hjá okkur. Yngstu nemendur okkar fóru einnig í heimsókn á Iðavöll og rifjuðu upp leikskólatíð sína.

Í febrúarmánuði auglýsti Skóladeild bæjarins fundi fyrir foreldra verðandi 1. bekkinga og var þá opið hús fyrir áhugasama foreldra. Þó nokkrir lögðu leið sína í skólann og nokkir nemendur úr elstu bekkjum skólans fylgdu þeim um húsnæðið og sögðu frá skólstarfinu. Stjórnendur voru síðan til viðtals á kaffistofu starfsmanna þar sem foreldrar voru velkomnir í spjall um skólstarfið og þar fengu þeir frekari upplýsingar. Oftast er það hverfisskólinn sem verður fyrir valinu en þó er alltaf eitthvað um það að börn sækja skóla utan hverfis.

Í maímánuði 2014 var ljóst hvaða kennarar tækju við 1. bekk næsta skólaár en kennarateymi verður í 1. og 2. bekk þar sem þær Ragnheiður Ásta og Freydis halda áfram og Sigrún Finnsdóttir kemur í stað Lindu Óladóttur. Í 1. bekk eru innritaðir 15 nemendur og 14 nemendur í 2. bekk. Verðandi umsjónarkennarar fóru í heimsókn til allra barna sem væntanleg eru í 1. bekk. Þetta gerðu þær síðari hluta dagsins; tóku með sér myndavél til að mynda barnið, kynntu sig og afhentu boðsbréf í heimsókn í skólann. Tilgangur heimsóknarinnar er að skapa persónuleg og jákvæð tengsl í upphafi skólagöngu hvers barns. Síðan var fundur í skólanum í lok maí og þá komu börn og foreldrar saman seinnipart dags og hittu skólastjóra og deildarstjóra yngri deildar ásamt kennurum. Krakkarnir fóru með kennurum í verðandi heimastofu hópsins og foreldrar fengu ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólastarfið hjá stjórnendum á meðan. Allir fengu bækling með helstu upplýsingum um væntanlegt skólastarf og skipulag á fyrstu skóladögum haustsins.

Mat: Móttaka nemenda í 1. bekk er komin í góðar skorður. Heimsóknir barna á lðavelli til okkar, allt síðasta ár þeirra á leikskólanum, auðveldar þeim vafalaust að byrja í 1. bekk. Það koma alltaf einhverjir krakkar af öðrum leikskóla en lðavelli en þeir eru ótrúlega fljótir að samlagast þegar allir hittast í 1. bekk. Samstarfsáætlun okkar og lðavallar er endurskoðuð á hverju hausti og skilar sér vel, bæði fyrir nemendur og kennara.

Sundnámskeið fyrir nemendur í 1. bekk

Síðastliðin fjögur haust höfum við boðið foreldrum barna sem eru að byrja í 1. bekk upp á sundnámskeið fyrir börn sín í tæpar tvær vikur í upphafi skólaárs, þeim að kostnaðarlausu. Þessi kennsla fer fram síðdegis, eftir að skóla lýkur og foreldrar sjá sjálfir um að koma börnunum í Sundlaug Akureyrar og sækja þau aftur. Námskeiðið er hrein viðbót við lögbundna sundkennslu sem er síðan með hefðbundnum hætti, 40 mínútur á viku, allt skólaárið.

Mat: Íþróttakennarar segja að námskeiðið auki öryggi barnanna í sundlauginni og í klefum og komi þeim á betra skrið í sundkennslunni. Nær allir foreldrar hafa nýtt sér þetta tilboð og almenn ánægja ríkir með fyrirkomulagið.

Vinabekkir

Samstarf vinabekkja hófst í desember þegar 7. bekkur heimsótti leikskólann lðavöll í desember. Leikskólabörnin komu svo í heimsókn í mars þar sem 7. bekkingar tóku á móti þeim og fylgdu um skólann og léku svo við þau í Frístund í lokin. Þarna voru lögð drög að vinapörum næsta skólaárs sem síðan þurfti að slípa lítilsháttar til vegna nemenda sem komu af öðrum leikskólum og annarra ófyrirséðra breytinga.

Fyrsta daginn sem allir 1. bekkingar mættu saman í skólann komu 8. bekkingar að stofunni þeirra og buðu vini sínum með sér út í frímínútur. Stóru krakkarnir fylgdu þeim yngri í frímínútum fyrstu dagana. Þeir eldri hjálpuðu þeim yngri að klæða sig, voru með þeim úti og fylgdu þeim síðan inn að stofu aftur. Nemendur 8. bekkjar heimsóttu 1. bekkinga af og til í spilastund og þeir unnu myndbandsverkefni um SMT skólafærni.

Mat: Markmið vinabekkja er að auka kynni milli þeirra eldri og yngri, að höfða til ábyrgðartilfinningar eldri nemenda og að þeir séu fyrirmyndir hinna yngri. Þetta hefur reynst okkur mjög vel og haldist

allan veturinn, þannig að 8. bekkingar fylgja oft þeim yngstu í ferðir út fyrir skólann, eru með þeim á litlu jólanum og vinna saman að þeim verkefnum sem kennurum dettur í hug hverju sinni.

Uppbrotstímar

Í vetur var haldið áfram með uppbrotstíma á mið- og unglíngastigi. Reynt var að bjóða upp á fjölbreytt verkefni sem reyna á aðra hæfni en bóknám. Tímarnir voru tvisvar sinnum 40 mínútur á viku. Yngsta stig var ekki með uppbrot þar sem það var því var fléttað inn í list- og verkgreinasmiðjur.

Mat: Uppbrotstímar á unglíngastigi nýttust ekki nógu vel og seinni hluta vetrar voru þeir bundnir við bekki. Í framhaldinu var ákveðið að leggja þá niður næsta vetur en vera vakandi yfir fjölbreyttum verkefnum inn í öllum kennslustundum. Á miðstigi gekk betur en miðstigsteymið sér um að viðhalda fjölbreyttum kennsluháttum næsta skólaár þó tímarnir verði ekki nefndir uppbrotstímar.

SMT skólaferni

Oddeyrarskóli hóf innleiðingu á SMT skólaferni haustið 2007. Við í skólanum höfum notið stuðnings verkefnastjóra SMT af skóladeild Akureyrarbæjar en nú í vor útskrifuðumst við formlega sem sjálfstæður SMT skóli við hátíðlega athöfn á sal skólans. Nemendur báru hitann og þungann af dagskránni en m.a. voru sýnd myndbönd tengd skólareglum, tónlistaratriði og ljóðalestur.

Vinna með SMT agaferli var í nokkuð föstum skorðum og lagt upp með skipulag samkvæmt árshjólí. Allir starfsmenn fengu árshjól og þar voru settar nýjar áherslur á viku eða tveggja vikna tímabili. Farið var yfir helstu verkfæri SMT á fundi með kennaranemum og nýju starfsfólki að hausti og eins er SMT vinnan kynnt fyrir foreldrum 1. bekkjar nemenda á haustfundum. Vinna var með nokkuð líku sniði og undanfarin ár; áhersla lögð á að gefa nemendum val um rétta hegðun áður en til skráninga kemur, nota hrós og þrumu þegar nemendur eiga það skilið.

Í vetur var farið í 100 miða leikinn öðru sinni og var almenn ánægja með hann meðal nemenda og starfsfólks, hann er því kominn til að vera. Þeir nemendur sem voru dregnir út fóru á kaffihús með skólastjóra og deildarstjóra.

Reglulega voru birtar upplýsingar um stöðu á þrumufjölda á „stóru þrumunni“ sem staðsett er á austurgangi á mótum starfsmannaálmu. Í maí náðist það takmark að safna 5000 þrumum eins og að var stefnt. Af því tilefni var óvænt uppákoma á sjálfstæðishátíð skólans þar sem Magni Ásgeirson kom og skemmti viðstöddum við mikinn föguð.

Í nóvember voru SET listar lagðir fyrir, en það er hluti af innleiðingarferli SMT að kanna hvaða upplifun nemendur og starfsfólk hafa af vinnunni og hvernig þeir þekki hana. Rætt var við a.m.k. 15 nemendur, 10 starfsmenn og einn meðlim SMT teymis. Í niðurstöðum sem skólinn fékk eftir úrvinnslu SET lista kom fram að „Heildarmeðaltal skors fyrir flokkana er 96,% sem telst afar gott.“ Samkvæmt þeim niðurstöðum er unnið að innleiðingu SMT á fullnægjandi hátt.

Mat: Margir þættir SMT stefnunnar nýtast okkur vel. Þar má nefna sýnilegar skólareglur, einkunnarorð skólans sem eru öllum kunn, val um hegðun, áherslu á að styrkja jákvæða hegðun, athyglimerki, þrumugjafir og þrumugleði í bekkjum. Bekkjarfundir og lausnarleit eru einnig góð leið.

Þrumusöfnunin gekk vel og er ákveðið að stefna aftur á að safna 5000 þrumum næsta skólaár. Þegar það takmark næst mun SMT stýrihópur sjá um að skipuleggja eitthvað óvænt.

Lausnateymi SMT

Í lausnateyminu eru einn kennari af yngsta stigi, einn af miðstigi, deildarstjórar yngri og eldri deildar, námsráðgjafi og PMT fulltrúi frá skóladeild. Skipaður var teymisstjóri sem sá um að boða fundi, skrá fundargerð og stýra fundum. Teymið fundaði 14 sinnum í vetur, að meðaltali á tveggja vikna fresti. Fjórar formlegar umsóknir komu inn ásamt því að gerð var bekkjarathugun á unglíngastigi. Út frá þessum umsóknum gerði teymið aðgerðaráætlanir í samráði við umsjónarkennara. Í hverri áætlun voru sett markmið til að ná sem bestum árangri.

Mat: Nokkrir kennarar leituðu til teymisins og fengu aðstoð við að takast á við vanda s.s. í formi umbunarkerfis og viðtali við foreldra. Kynna þarf lausnateymið betur fyrir kennurum og hvetja og styðja kennara í að koma málum sínum í vinnslu lausnarteymis.

Byrjendalæsi

Skólaárið 2013-2014 var áfram unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis í 1. 2. og 3. bekk. Einn kennari var á seinna árinu í námskeiði sem byrjendalæsis kennari en aðrir kennara hafa lokið því stigi. Skólastjóri og deildarstjóri yngri deildar sóttu einnig námskeið á haustdögum en sóttu ekki allar smiðjur vetrarins og tóku ekki þátt í vinnu sem byrjendalæsis kennarar heldur var markmið þeirra að kynnast hugmyndafræðinni.

Meginmarkmið Byrjendalæsis eru að nemendur nái sem fyrst góðum árangri í læsi. Aðferðin gerir ráð fyrir að hægt sé að kenna börnum með ólíka færni í lestri hlið við hlið. Því er lögð áhersla á samvinnu nemenda um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Miðað er við að námið sé fjölbreytt og athafnamiðað og er stöðvavinna og samvinna rauður þráður í vinnunni.

Mat: Reynsla af því að vinna með Byrjendalæsi hefur sýnt okkur að bæði nemendur og kennarar upplifa lestrarnámið sem mun skemmtilegra en ella. Allir eru virkari í náminu, námsleiðir eru mjög fjölbreyttar og einstaklingsmiðaðar og afrakstur læsisvinnunnar er sýnilegur um alla veggir og ganga.

Niðurstöður úr læsisprófum

Í 1. og 2. bekk eru lögð fyrir skimunarpróf í lestri sem nefnast Læsi. Læsisprófin samanstanda af þremur prófum fyrir 1. bekk og tveimur prófum fyrir 2. bekk. Niðurstöður úr þessum prófum eru sendar til MSHA sem vinnur úr þeim og sendir okkur samanburðartölur miðað við aðra skóla sem starfa eftir aðferðum Byrjendalæsis en það eru um þriðjungur skóla landsins.

Mat: Læsispróf í apríl sýna að árangur Oddeyrarskóla miðað við árangur allra Byrjendalæsis skóla er góður. Í 2. bekk tóku 17 nemendur af 18 prófið og náðu 65% þeirra yfir 60% árangri sem eru almenn viðmið um viðunandi árangur. Enginn nemandi sýnir lakari niðurstöðu en 40% árangur. Í fyrsta bekk tóku 12 nemendur af 15 prófið og náðu 92% þeirra yfir 60% árangri.

Niðurstöður úr samræmdum prófum

Samræmd könnunarpróf fóru fram vikuna 23. – 27. september. Nemendur 10. bekkjar tóku próf í íslensku, ensku og stærðfræði á mánudegi, þriðjudegi og miðvikudegi en nemendur 4. og 7. bekkjar tóku próf í íslensku og stærðfræði á fimmtudegi og föstudegi.

Samanburð við landsmeðaltal má sjá hér að neðan.

- **4. bekkur einkunn:**
íslenska: 4,6 í Oddeyrarskóla, landsmeðaltal 5,9
stærðfræði: 4,4 í Oddeyrarskóla, landsmeðaltal 6,8
- **7. bekkur einkunn:**
íslenska: 5,4 í Oddeyrarskóla, landsmeðaltal 6,4
stærðfræði: 6,2 í Oddeyrarskóla landsmeðaltal 6,8
- **10. bekkur einkunn:**
íslenska: 5,2 í Oddeyrarskóla, landsmeðaltal 5,9
enska: 6,4 í Oddeyrarskóla, landsmeðaltal 7,0
stærðfræði: sú nýbreytni varð í ár að gefið var í bókstöfum var fyrir samræmdaprófið í stærðfræði. Í Oddeyrarskóla var hlutfall nemenda með A og B jafn stórt og annars staðar á landinu. Hlutfall nemenda með D var ívið hærra en á landsvísu.

Mat: Árangur okkar er ekki nægilega góður og leitað verður frekari leiða til að bæta hann.

Skólapúlsinn

Í vetur svo sem undanfarna vetur var Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6.- 10. bekk. Í Skólapúlsi eru lagðar spurningar fyrir nemendur sem tengjast virkni þeirra, líðan í skólanum og skóla- og bekkjaranda. Niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu.

Niðurstöður: Þegar þróun undanfarinna ára er skoðuð sést að nemendur Oddeyrarskóla eru að sækja í sig veðrið. Trú á eigin námsgetu, þrautsegja í námi og vinnubrögð í námi hafa t.d. aukist umtalsvert undanfarin ár og mælist nú með svipuðum hætti og í öðrum skólum á landinu. Engir þættir í könnuninni víkja að miklu leyti frá því sem gerist í öðrum skólum. Matsþættir sem lúta að líðan og heilsu koma þó ívið verr út en aðrir, þeir snúast m.a. um sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og einelti. Í þessu samhengi er ástæða til að skoða niðurstöður einstakra bekkja.

Skólapúlsinn lagði einnig fyrir starfsmannakönnun þar sem kom m.a. fram að starfsandi í Oddeyrarskóla er marktækt betri en annars staðar á landinum. Í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram að foreldrar í Oddeyrarskóla eru ánægðir með stjórnun skólans og þeir telja sig geta haft meiri áhrif á ákvarðanir varðandi börn sín en foreldrar barna í öðrum skólum. En athuga þarf sérstaklega að ákveðnum hópi foreldra finnst of litlar námslegar kröfur gerðar til nemenda. Foreldrar barna sem verða fyrir einelti eru ekki nógu ánægðir með úrvinnslu skólans og foreldrar barna sem fá stuðning og sérkennslu eru ekki ánægðir með kennsluna og finnst hún ekki nægilega mikil.

List- og verkgreinar á unglíngastigi

Í vetur voru allir nemendur unglíngastigs í list- og verkgreinar 80 mínútur í hverri viku. Um var að ræða smíðar, textíl, myndmennt, tónmennt, dans og leiklist. Vetrinum var skipt upp í þrjú tímabil og máttu nemendur ýmist velja það sama allan veturinn eða fara í tvær eða þrjár greinar. Tónlist var í boði í tvö tímabil og dans í eitt tímabil.

Mat: Nemendur voru flestir ánægðir með að geta valið sér list- og verkgreinar en nokkuð rót var á nemendum, sérstaklega á síðustu önninni áttu nemendur erfitt með að standa við val sitt. Þetta átti sérstaklega við um dansinn þar sem nemendur virtust ekki alveg gera sér grein fyrir í hverju þátttaka þeirra fólst. Á síðustu önninni voru hópar mjög misstórir og verður að koma í veg fyrir að það hendi aftur. Kennurum fannst tímabilin enn of stutt og var ákveðið að hafa einungis tvö tímabil næsta vetur, fyrir og eftir áramót. Einnig verður boðið upp á meira val í list- og verkgreinum.

Valgreinar

Nemendur í 8. bekk velja sér þrjár valgreinar (6 kennslust. á viku) og er ein þeirra bundin list- og verkgreinum. Nemendur í 9.–10. bekk eru í fjórum valgreinum (8 kennslust.) og ein þeirra bundin list- og verkgreinum. Valið er ýmist innan skólans í höndum kennara skólans eða sameiginlegt með öðrum skólum bæjarins og þá þurfa nemendur að sækja í aðra skóla. Einnig er hægt að láta meta þátttöku í skipulögðu íprótta-, tónlistar- eða öðru tómtundastarfi í stað valgreinar. Í vetur nýttu 25 nemendur sér þann möguleika, flestir þeirra fengu knattspyrnu, skauta eða skátastarf metið eða 6 nemendur hverja grein. Val nemenda í vetur var fjölbreytt. Innan skóla gátu nemendur valið marimba, myndlist, heimilisfræði, félagsmálafræði og ípróttafræði. Nemendur sóttu svo fjölbreytt val utan skólans, s.s. fluguhnýtingar og stangveiði, líkamsrækt á líkamsræktarstöð, knattspyrnuæfingar, ljósmyndun, fatasam og þýsku.

Mat: Sökum fámennis hefur Oddeyrarskóli ekki mikla möguleika á að halda úti fjölbreyttu vali innan skólans því er samval grunnskólanna í bænum okkur mjög mikils virði. Nemendur hafa verið duglegir við að sækja valgreinar utan skólans og það yfirleitt gengið mjög vel. En í vetur gekk ekki nógu vel að innheimta mætingalista frá sumum kennurum sem sjá um valgreinarnar, sem leiddi til þess að skólinn fékk ekki upplýsingar fyrir en seint og um síður ef nemendur voru að slá slöku við mætingar. Þetta er mjög bagalegt og verður fastar tekið á mætingum næsta vetur.

Hefðir og venjur í Oddeyrarskóla

Margar hefðir og venjur hafa skapast innan skólans í áranna rás.

Sem dæmi má nefna að allir nemendur skeri út laufabrauðsköku í desember.

Mat: Þetta er skemmtileg hefð sem við viljum gjarnan halda í. Útgjöld eru óveruleg þó að kaupa þurfi laufabrauð og feiti. Eykur á samkennd nemenda og starfsfólks, þar sem allir hjálpast að við gleðilega iðju í desember.

Það er aldursblöndun á litlu jólunum, þannig að það eru bæði litlir og stórir sem ganga saman í kringum tréð og passað er uppá að nemendur 1. bekkjar séu með vinum sínum í 8. bekk. Jólasveinn kemur alltaf í heimsókn og gefur nemendum gjarnan lítið súkkulaðistykki og mandarínu þegar allir eru komnir til baka í stofur og fá þá afhent kortin sín áður en haldið er í frí. Allir nemendur skólans fá heimaunnin jólakort frá starfsfólki skólans og er mikil vinna lögð í að gera kortin, bæði hjá myndmenntakennara, nemendum sem taka þátt í vinnslu þeirra og ritara sem sér um að leggja lokahönd á verkið.

Mat: Mikilvægt að halda aldursblöndun á litlu jólunum, þannig að eldri og yngri læri að skemmta sér saman og taka tillit hvert til annars. Það eykur ábyrgðartilfinningu þeirra eldri. Jólakort til nemenda hafa það hlutverk að skapa persónuleg tengsl og sýna að starfsfólk skólans er tilbúið til að leggja sitt

af mörkum í vinnu til að gleðja nemendur. Ákveðið var að sleppa mandarínu í jólasveinagjöf í ár og gefa lítið súkkulaðistykki. Nokkrir umsjónarkennarar brugðu á það ráð að láta senda eitt kort til allra nemenda sem var sameiginlegt frá öllum bekkjarfélögum í staðinn fyrir að allir væru að gefa öllum. Það mæltist vel fyrir.

Árshátíð nemenda hefur nú í mörg ár verið síðasta laugardag í janúarmánuði. Kennarar og nemendur eru oftast búnir að ákveða árshátíðaratriði í desember, þannig að æfingar geti hafist af fullum krafti í byrjun janúar. Allir bekkir sýna á árshátíð og allir nemendur taka þátt í undirbúningi og vinnu á einhvern hátt. Tvær sýningar eru árshátíðardaginn. Nemendur 10. bekkjar koma fram á báðum sýningum, í lok þeirrar fyrri og í upphafi þeirrar síðari. Flest atriði nemenda taka um 7 mínútur í flutningi (viðmið) nema 10. bekkingar sem leggja meira í sitt atriði sem oft tekur um 25-30 mínútur. Miðað er við að sýningin taki í heild um klukkustund. Nemendur sjálfir horfa ekki á sýningar á laugardag, heldur eru þá í sínum stofum með kennurum nema þegar þeir eru á sviði. Þetta fyrirkomulag er haft vegna plássleysis en á báðum sýningum er salurinn fullskipaður foreldrum og fjölskyldum nemenda (pláss er fyrir um 230 manns í salnum). Nemendasýningar árshátíðar fara því fram föstudaginn fyrir árshátíðardag en þann dag er engin kennsla í skólanum en nemendur sjá atriði allra bekkja á tveimur sýningum. Unglingadeild heldur síðan árshátíðarball á laugardagskvöldinu. Foreldrar nemenda í 10. bekk voru með mat fyrir börnin fyrir sjálft árshátíðarballið.

Mat: Árshátíð og árshátíðarball gekk mjög vel í vetur, eins og raunin er oftast.

Skautar og bingó. Síðasta skóladag fyrir páskaári höfum við skapað hefð sem hefur fylgt okkur í um 10 ár en þá er farið á skautasvell og spilað bingó í skólanum. Nemendum er skipt í tvennt (1.-5. bekkur og 6.-10. bekkur) og fer annar hópurinn fyrst á skauta og kemur þá heim um kl. 10:00 í nesti og spilar svo bingó frá 10:30 – 12:00 og hinn hópurinn gerir hið sama í öfugri röð. Nemendur eru beðnir um að greiða 300 krónur fyrir bingóspjald, án þess að nokkurt veður sé gert út af því ef það gleymist. Þessir peningar eru notaðir í þágu föstudóttur skólans, Cliceriu Manga. Cliceria býr í SOS barnaþorpi í Guineu-Bissau og við sjáum henni fyrir uppeldi og skólagöngu. Vinningar í bingói eru alltaf páskaegg sem skólinn kaupir.

Mat: Enginn kostnaður er af skautuferðinni fyrir nemendur en nemendasjóður greiðir fyrir leigu á skautasvelli. Nemendur fóru með strætó á skautasvellið og til baka í samráði við forstöðumann SVA. Skemmtilegur dagur þar sem áhersla er á aukna hreyfingu og svo bingóspil í þágu góðs málefnis.

Fermingarbörn skólans fá hamingjuóskir í korti. Skólastjóri skrifaði kortin og bar út til fermingarbarna á fermingardaginn.

Mat: Við höfum ekki heyrt mikið um það hvort fermingarbörnum/foreldrum finnst þetta skipta máli. Þau viðbrögð sem við höfum fengið hafa öll verið jákvæð. Tilgangurinn er að skapa jákvæð tengsl á milli heimila og skóla og við viljum sýna á þennan hátt að við munum eftir nemendum utan skólatíma og viljum gjarnan taka þátt í gleðistundum í lífi þeirra og fjölskyldna þeirra.

Sumargjöf til nemenda í formi jákvæðrar umsagnar á einhvern hátt er afhent fyrir sumardaginn fyrsta. Markmið okkar með henni er að styrkja sjálfsmynd nemenda og benda þeim á hvað aðrir hafa margt gott og jákvætt um þá að segja. Nemendur fengu umsögnina senda heim en nemendur 6. bekkjar sáu um að bera hana út og fá í staðinn greitt andvirði póstburðargjalds í ferðasjóð vegna Reykjaferðar í 7. bekk.

Mat: Við höfum heyrt á nemendum að þeim finnst umsögnin skipta máli og foreldrar hafa sagt okkur að hún fari gjarnan upp á vegg í herbergjum. Þar með er tilganginum náð; að styðja við nemendur og efla sjálfstraust þeirra. Að gefa og þiggja hrós er öllum mikilvægt, alltaf, á hvaða aldri sem þeir eru.

Fjölgreindadagur var haldinn í október en þá var öllum nemendum skólans skipt í hópa þvert á bekki og þeir elstu báru ábyrgð á sínum hóp. Kennarar skipulögðu stöðvar þar sem mismunandi verkefni voru unnin en krakkanir voru tæplega 10 mínútur á hverjum stað og fóru svo á nýja stöð. Viðfangsefnið eru mjög fjölbreytt og þess gætt að það reyni á sem flesta hæfileika.

Mat: Dagurinn gekk mjög vel og flestir nemendur voru virkir. Verkefni voru býsna fjölbreytt en í mati kennara á deginum kom fram að sumum fannst lítið í undirbúning stöðvanna lagt og verkefnið keimlík þeim sem í boði voru árið áður.

Smíðjudagar voru 27. og 28. mars. Skipt var í yngri og eldri deild þar sem 1. – 4. bekkur vann saman og síðan 5. – 7. bekkur og að lokum 8. - 10. bekkur. Þemað að þessu sinni var tónlist. Nemendur á yngri stigi fóru milli stöðva á skipulagðan hátt þar sem hlustað var á klassíska tónlist og málað um leið, hljóðfæri smíðuð, sungið og dansað, tónlistaspurningakeppni, klappað svo dæmi séu nefnd. Miðstig fór í Hof og dansaði m.a. zumba og eldra stigið notaði tímann í að undirbúa “cupsong” sem flutt var í lokin.

Mat. Vel tókst til og flestir voru ánægðir með fyrirkomulagið og verkefnið. Tónlistaskólinn kom að verkefninu og töldu þeir að með betri fyrirvara hefðu þeir getað komið enn meira að viðfangsefninu.

Reykjaferð. Að venju fóru nemendur 7. bekkjar í 5 daga dvöl að skólabúðunum að Reykjum í Hrótafirði. Ferðin var í upphafi skólaárs, eða í annarri viku. Umsjónarkennari fór með ásamt skólaliða og kennaranemi var með að hluta til. Ferðin gekk vel.

Mat: Að mati starfsmanna gekk ferðin vel og þeir voru ánægðir með bekkinn sinn. Börnin hafa mismikla þjálfun í að fara að heiman og alltaf einhverjir sem eiga erfitt með aðskilnað en framkoma, hegðun og öll virkni var til fyrirmyndar og ljóst að svona ferð styrkir samkennd og félagsleg tengsl innan bekkjarins. Kostnaður við Reykjaferð er nokkur fyrir foreldra en skólinn sá um greiðslu og rukkaði svo foreldra. Í flestum tilfellum gekk vel að innheimta en nokkrir þurfu áminningu og greiddu ekki fyrr en nokkuð var liðið á veturinn.

Útskriftarferð 10. bekkinga, fjáröflun og skipulag

Nemendur 10. bekkjar, umsjónarkennari þeirra og foreldrar voru virkir í fjáröflun fyrir skólaferðalagið allt skólaárið. Safnað var í sameiginlegan sjóð en fylgst með þátttöku hvers og eins. Aftur var tekið upp ferðaplan sem fékk hvíld í fyrra og haldið til Reykjavíkur þar sem m.a. var farið í Adrenalíngarðinn, litbolta og luxuusbíó. Dvalið var í borginni í rúmlega einn sólarhring og síðan ekið í Skagafjörð þar sem við tók klettasig í miðnætursól. Daginn eftir var farið river rafting. Vegna veikinda umsjónarkennara fór hann ekki með í ferðina en aðrir vanir hlupu í skarðið og tókst það vel.

Mat: Ferðin gekk vel fyrir sig og nemendur ánægðir með hana. Ljóst er að vinna við fjáröflun af þessu tagi er gríðarlega tímafrek og krefjandi og eiga þeir foreldrar sem þátt tóku hrós skilið. Mikilvægt er að huga að því vorið sem nemendur eru í 9. bekk hvernig fyrirkomulag skólaferðar á að vera og í vor hittust þessir foreldrar og skipulögðu m.a. blaðaútburð sumarsins og næsta vetrar.

Útivistardagar

Útivistardagur að hausti var miðvikudagurinn 28. ágúst. Lagt var upp með skipulag sem á að rúlla á nokkurra ára fresti. Yngsta stig fer allt saman og að þessu sinni var farið í Naustaborgir. Hópurinn tók strætó upp í Kjarnagötu og gekk þaðan. Nemendur tóku nesti með sér og með í för voru allir umsjónarkennarar stigsins, stuðningsfulltrúar, sérgreinakennari og skólaliðar. Dagurinn var vel heppnaður og allir ánægðir eftir útivist í fallegru náttúru og góðu verðri. Eldra stigið hafði val um þríbraut, fjallgöngu og léttu göngu í Kjarnaskógi. Hjólaferðin féll niður en hópurinn skiptist nokkuð jafnt varðandi Kjarnaskóg og fjallgöngu. Að þessu sinni var gengin Þingmannaleið yfir Vaðlaheiði. Rúta keyrði nemendur og starfsfólk austur að Systragili í Fnjóskadal upp úr klukkan átta að morgni og gengið var af stað um klukkan 9. Þeir fyrstu voru komnir yfir vel fyrir hádegi og biðu eftir rútu sem kom og sótti nemendahópinn um klukkan 12:30. Flestir voru þá komnir en foreldrar og starfsmenn hjálpuðuðst að við að ferja þá sem þurfti lengri tíma við gönguna frá Leifsstöðum í Oddeyrarskóla. Nemendur frá 5. bekk og upp úr tóku þátt og gekk í alla staði vel. Þeir sem fóru í Kjarnaskóg gengu í miðbæ og tóku strætó í Naustahverfi og gengu þaðan suður í Kjarnaskóg. Þar var deginum eytt í leikjum og gleði og gengið heim í skóla upp úr klukkan 11:00.

Skíðadagur var 10. febrúar. Nemendur í 3. bekk og eldri áttu kost á að fá lánaðan búnað en þeir í 1. og 2. bekk sem ekki áttu skíði eða bretti renndu sér á sleðum og þotum í grennd við færibandalyftuna "töfrateppið". Eldri nemendur höfðu aðang að toglyftum svæðisins, utan Strýtu, og renndu þar í prýðisgóðu færi. Dagurinn heppnaðist vel og stórslysalaust en þetta er skemmtileg tilbreyting í skólalastarfið og gefur mörgum nemendum tækifæri sem annars eiga ekki kost á að kynnst því sem skíðasvæðið í Hlíðarfjalli hefur upp á að bjóða.

4. júní var útivistardagur sem skipulagður var af vordaganefnd. Það var farið í ratleik um bæinn og sund. Skipt var í tvo aldursblandaða hópa og byrjaði annar í sundi en hinn á ratleik og svo var skipt. Allir fengu ís í boði skólans.

Þann 5. júní var útivistadagur í umsjón hvers umsjónarkennara fyrir sig. Nokkuð stór hópur fór að Hömrum en aðrir fóru í fjöruferð eða styttri göngu.

Útileikar voru haldnir á skólalóð 6. júní eða skólalítadag og sáu kennarar um að skipuleggja stöðvar sem aldursblandaðir hópar skiptust á að koma á. Sem dæmi má nefna snú-snú stöð, teygjutvist, húllahringir, þrautir, kubb og margt fleira. Hóparnir töldu um 18-20 nemendur og voru einn til tveir starfsmenn með hverja stöð. Í lokin fengu allir grillaðar pylsur.

Mat: Útivistardagar gengu heilt yfir vel fyrir sig. Starfsfólk Hlíðarfjalls var til fyrirmyndar í móttöku á skíðadegi. Fram kom að vanda þarf máttun og skráningu á skóstærð því tímfrekt er að skipta því sem búið er að úthluta. Kaffimál starfsmanna voru ekki á hreinu þ.e. hvort þeir fengu kaffi og meðlæti með upp í fjall. Einstaka nemandi var illa búinn. Alltaf eru nokkrir nemendur skráðir veikir eða með leyfi þennan dag til að forðast útivera. Finna þarf leiðir til að leysa þann vanda t.d. starfsmann í skóla með þessum nemendum.

Samstarf foreldrafélags og skóla

Stjórnendur skólans hafa alltaf átt farsælt samstarf við foreldrafélagið. Hlutverk foreldrafélags er bundið í lög þess en það er m.a. að efla starf í kringum félagslíf nemenda og leggja fram aðstoð við ýmis góð mál sem varða börn og foreldra þeirra í skólanum. Fyrsta verkefni foreldrafélagsins hvert

skólaár er að sjá um undirbúning fyrir hausthátíð skólans. Síðustu ár hefur skapast sú hefð að hausthátíð sé haldin fyrsta laugardag í september. Þá er gjarnan lagt upp í skróðgöngu um hverfið og fáni með merki skólans borinn í broddi fylkingar. Síðan er ýmis skemmtun í boði á skólalóð og grillaðar pylsur. Nemendur 8. bekkjar eða einhver stjórnandi skólans hafa síðan afhent nemendum 1. bekkjar gjöf til að bjóða þau sérstaklega velkomin. Nemendur 10. bekkjar hafa tekið að sér að skipuleggja og stjórna ýmsum leikjastöðvum á lóðinni og fá í staðinn framlag frá foreldrafélaginu upp í útskriftarferð sína sem farin er í lok skólaárs.

Meginverkefni foreldrafélagsins er þátttaka í árhátíð nemenda. Eins og áður sá foreldrafélagið um glæsilegt kaffihlaðborð í ár. Það var á milli sýninga nemenda og sáu foreldrar um uppröðun, skipulag, vinnu og allan frágang. Það var lagt á borð í matsal, kennslutofum á austurgangi og á ganginum sjálfum enda alltaf mikil aðsókn í kaffi þennan dag. Foreldrafélagið studdi einnig við 10. bekkina fyrir árhátíð með því að greiða leikstjóra sem leikstýrði atriði 10. bekkina.

Mat. Samstarf við foreldrafélag er farsælt og gott.

Foreldrasamstarf og heimsóknir á heimili nemenda

Heimsóknir til nemenda í 1. og 8. bekk

Foreldrum nemenda í 1. og 8. bekk býðst að fá umsjónarkennara barna sinna í heimsókn til að ræða um skólastarfið og líðan nemenda. Heimsóknin til nemenda í 1. bekk er örstutt að vori áður en nemendur byrja. En umsjónarkennarar nemenda í 8. bekk heimsækja sína nemendur í upphafi skólaárs. Í heimsókninni er rætt það helsta sem fjölskyldunni liggur á hjarta varðandi komandi vetur. Ef foreldrar vilja ekki fá kennara heim má að sjálfsgöðu hafa samtalið í skólanum. Heimsóknirnar fara fram síðdegis, eftir kl. 16:00. Í ár gátu kennarar nýtt bæði skólasetningardag 22. ágúst og viðtalsdag 5. september í viðtöl við foreldra í 8. bekk og var það vel.

Mat: Heimsóknirnar gengu vel í haust svo sem endranær og þáðu langflestir foreldrar nemenda í 8. bekk boð um að fá umsjónarkennara í heimsókn. Nokkuð var um að heimsóknir drægjust á langinn og mikilvægt að öllum sé ljóst í upphafi að heimsóknirnar eiga að miðast við u.þ.b. 40 mínútur.

Haustfundir

Haustfundir fóru fram í september. Sú breyting var gerð á að foreldrar nemenda á yngsta og miðstigi voru boðaðir á fund kl. 14-16 á miðvikudegi á fundartíma kennara. Á yngsta stigi voru stutt erindi frá námsráðgjafa, hjúkrunarfræðingi og Ingibjörgu Auðunsdóttur ráðgjafa við MSHA. Þetta kom mjög vel út en erindi hefðu mátt vera ögn styttri. Sameiginlegur fundur var fyrir alla bekkir á miðstigi, þar var foreldrum skipað í umræðuhópa og tókst það afar vel. Umsjónarkennarar á unglíngastigi héldu sína fundi sitt í hvoru lagi seinni hluta dags. Mæting á fundi var mjög misjöfn eftir árgöngum allt frá 88% mætingu í 6. bekk í 36% mætingu í 10. bekk.

Viðtalsdagar

Hefðbundnir viðtalsdagar kennara og foreldra voru 5. mars, 20. og 21. nóvember og 3. og 4. mars. Vel er mætt í þessi viðtöl. Í nóvember og mars fór fram frammistöðumat þar sem nemendur og foreldrar voru beðnir um að taka þátt í matinu og meta t.d. sjálfstæði og virkni, frumkvæði og námsárangur. Kennarar mátu þessa þætti sömuleiðis. Þessi leið í námsmati skapar góða umræðu og ígrundun um starfið í kennslustofunni og hvernig því því sé sem best hagað. Auk viðtala á annaskilum

fer fram svokallað miðannamat hjá kennurum, en það er smærra í sniðum og er ekki alveg í föstu formi. Kennarar hafa ýmist sent póst heim, hringt og rætt við foreldra eða útbúið stutt matsblað. Áherslan er á að foreldrar fái einhverskonar mat frá skólanum þegar hver önn er hálfnuð en með því móti er staðan tekin 5-6 sinnum á hverju skólaári. Að vori koma foreldrar gjarnan með börnum sínum á skólaslit.

Kaffispjall með stjórnendum

Í vetur var foreldrum 1. og 10. bekkinga boðið í spjall við stjórnendur á kaffistofu starfsmanna klukkan 8.15 einn morgun á haustmisseri og foreldrum 7. bekkjar og 4. bekkjar var boðið sinn hvorn morguninn á vormisseri. Misgóð mæting var á fundina en þarna fóru fram góðar umræður um ýmislegt sem foreldrum lá á hjarta varðandi skólamál.

Mat: Samstarf okkar við foreldra gengur lang oftast mjög vel. Foreldrar eru mjög duglegir að hafa samband og mæting er nánast 100% í foreldraviðtöl. Viðtalsdagar þetta skólaárið voru 5 en foreldrar boðaðir samtals þrisvar sinnum. Á kennarafundi var tekin sú ákvörðun að fækka viðtalsdögum næsta skólaár þannig að foreldrar mæta aðeins tvisvar sinnum, í nóvember og febrúar en ekki strax í upphafi skólaárs. Mætingar á haustfundi eru misjafnlega miklar eftir bekkjum, í sex bekkjum náðist meira en 60 % mæting. Við viljum að allir foreldrar séu virkir þátttakendur í skólagöngu barnanna og því viljum við auka mætingu foreldra á haustfundina, þar sem farið er yfir mörg hagnýt mál.

Skólaslit

Skólaslit voru sameiginleg á sal með nemendum 1. – 7. bekkjar kl. 12.30 en fram undir hádegi voru nemendur á fjölbreyttum leikjastöðvum á skólalóðinni. Skólastjóri hélt kveðjuræðu og nefndi þætti sem stóðu upp úr í hverjum bekk. Síðan fór hver bekkur með umsjónarkennara í sína stofu og fékk námsmat og þar var stutt kveðjustund. Nokkuð var um að foreldrar mættu með nemendum á skólaslitin.

Síðdegis voru skólaslit fyrir eldri nemendur og starfsfólk á sal skólans. Skólastjóri flutti ræðu og nemendur fluttu ávarp og fengu afhendar einkunnir sínar. Að athöfn lokinni var foreldrum og nemendum 10. bekkjar ásamt starfsfólki skólans boðið til kaffisamsætis í matsal skólans. Kaffið var að vanda í boði skólans.

Mat. Hvor skólaslit um sig gengu ágætlega fyrir sig. Í vor voru settir stólar í salinn fyrir bæði skólaslitin, það skapaði meiri ró á fyrri skólaslitum.

Þróunarstarf og símenntun starfsfólks

Í vetur voru stigin skref nær því að til verði lærdómssamfélag í Oddeyrarskóla þar sem áhersla er lögð á teymiskennslu, nám út frá markmiðum og heildstætt árangursríkt nám nemenda. Kennurum á mið- og unglíngastigi var gefið tækifæri til að þjálfra sig í vinnubrögðum starfendarannsókna með það að markmiði að þróa starfshætti sína í því skyni að bæta nám nemenda. Kennarar á yngsta stigi héldu áfram að þróa starf sitt í Byrjendalæsi auk þess sem þeir unnu með önnur stærri verkefni, s.s. Leikur að læra og PALS.

Lögð var áhersla á að flétta lykilhæfnipætti nýrrar aðalnámskrár sem mest inn í skólastarfið og einnig var sérstök áhersla á fjölbreytt námsmat. Í þessari vinnu nutum við ráðgjafar frá MSHA.

Einnig sátu kennarar nokkra samráðsfundi tengda íslensku og stærðfræði þvert á öll skólastigin þar sem áhersla var á að mynda sem besta samfellu í námi nemenda. Kennarar ræddu um áherslur sínar varðandi nám nemenda og kröfur sem gerðar eru. Byrjað var að vinna að því að gera heildstæða áætlun í þessum tveimur námsgreinum.

Mat: Almenn ánægja er meðal starfsfólks með þá samræðu sem fer fram í vinnu sem þessari, fólk finnur styrk í samræðunni - þegar allir læra saman !

Námskeið í tengslum við skólastarfið

Námskeiðsdagar í ágúst

- Hans Rúnar Snorrason kennari við Hrafnagilsskóla var með fræðslu fyrir kennara um google umhverfið og hvernig hægt er að vinna með gjaldfrjálsan hugbúnað.
- Sigurður Freyr Siguðrsson kennari í Síðuskóla kynnti ýmis smáforrit sem hægt er að nýta í kennslu en hans skóli var þátttakandi í Comeniusarverkefni tengdu þessu. Hann kynnti fyrir okkur nokkur forrit sem honum höfðu reynst vel s.s. að setja upp ratleik, útvarpsþátt og hljóð á glærur.
- Námskeið í Háskólanum á Akureyri í umsjón MSHA. Fræðslu um námsmat. Seinni part dagsins unnu kennarar að námsmatsstefnu skólans með áherslu á lykilhæfni, skipulagt af stjórnendum.
- 11 kennarar á mið- og yngsta stigi sóttu námskeið í PALS lestrartækni og hluti þeirra fór síðar á PALS námskeið fyrir yngstu nemendurnar. Tveir kennarar fóru á námskeið um byrjendalæsi.
- Aðrir starfsmenn en kennarar hófu sitt starfsár með námskeiði á vegum Símeijar en það voru námskeiðin “Að verða hluti af heild”, “Einhverfa og asperger”, “Fjölskylduráðgjöf” og ADHD samtökin voru með erindi.

Önnur námskeið á skólaárinu

- Allir starfsmenn sóttu námskeið í skyndihjálpi 11. nóvember.
- Á starfsdegi 20. nóvember sótti áfallateymi skólans námskeið í sálrænum stuðningi.
- Innanhússfræðarar á vegum Akureyrarbæjar héldu námskeið fyrir alla starfsmenn á fundartíma varðandi vellíðan og vinnugleði á vinnustað þann 19. október og þann 3. janúar voru sömu aðilar með námskeiðið “Endurgjöf – hrós og gagnrýni” Þann 28. janúar var 3. og síðasta námskeið innhússfræðara en það fjallaði um einelti.
- Föstudaginn 2. maí var í fyrsta sinn haldið innahússþing í Oddeyrarskóla en þar voru kennarateymi innan skólans með erindi um valda þætti í kennslu sinni.
- Þann 7. maí fengum við Hólmfríði Árnadóttur frá MSHA til að halda erindi um bráðger börn.
- Miðstigið fór allt á lífsleikninámskeiðið Kompás.

Einstaka kennarar sóttu síðan námskeið að eigin vali.

Mat: Kennarar og annað starfsfólk var almennt duglegt að sækja þá endurmenntun sem í boði var. Kennarar þurfa að sinna ákveðinni endurmenntun á ári hverju en þeir skrá sína endurmenntun frá ágúst til júlí og skila til stjórnenda. Á þessu hafa verið góðar heimtur og kennarar almennt duglegir að sækja námskeið eða lesa fræðilegt efni og sækja þá fræðslu skólinn býður upp á.

Ný símenntunaráætlun var lögð fram á kennarafundi 12. maí til samþykktar en kennurum jafnframt gefinn kostur á að koma með athugasemdir til skólastjóra.

Starf námsráðgjafa

Eins og áður var þjónusta námsráðgjafa vel nýtt af nemendum. Námsráðgjafi fæst helst við persónulega ráðgjöf, náms- og starfsfræðslu, náms- og starfsráðgjöf, hópráðgjöf, símaviðtöl, fundi og annað samstarf (t.d. milli grunn- og framhaldsskóla, við forvarnafulltrúa o.fl.).

Námsráðgjafi var með 487 skráð mál. Fjöldi nemenda sem leituðu til eða vísað var til námsráðgjafa voru 96, þar af 50 stúlkur og 46 drengir. Þetta er um helmingur nemenda við skólann, enda er persónuleg ráðgjöf tímafrekasti þátturinn í starfi námsráðgjafa.

Náms- og starfsfræðsla var veitt í öllum bekkjum, sérstök áhersla var á unglिंगastigið varðandi starfsfræðslu. Þar m.a. stuðst við námsefnið [Stefnan sett](#). Miðað er við að nýta það námsefni í náms- og starfsfræðslu hjá 8., 9., og 10. bekk. Farið var í námstækni, námsvenjur og skipulag með nemendum í 4. – 10. bekk.

Bendill áhugasviðskönnun var lögð fyrir nemendur í 10. bekk og farið yfir niðurstöður með hverjum og einum nemenda.

Ákveðið var að nýta hluta af stöðu námsráðgjafa til að reyna nýjar leiðir til að mæta nemendum enn frekar þar sem sjónum var sérstaklega beint að tveimur hópum á miðstigi, nemendum með ADHD og lesblindu. Hist var í 12 skipti með hvorum hópi. Unnið var í litlum jafningjahópi þar sem rætt var um einkenni ADHD og lesblindu, nemendur deildu reynslu sinni og hvernig þeir takast á við nám og mismunandi aðstæður og verkefni í lífinu. Einnig var lítil drengjahópur á unglिंगastigi þar sem unnið var með námsefnið *Hámarksárangur í námi með ADHD* og slökun.

Tilgangurinn með þessari vinnu er að efla sjálfsþekkingu og að einstaklingurinn þroski næmi á eigin tilfinningar, hugsun og hegðun. Að nemendur öðlist einnig skilning á þeirri greiningu sem hann er með og helstu áhrifum hennar og fái tækifæri til að ræða við jafningja um eiginleika sína og deila með öðrum hvernig hann tekst á við námið sitt, umhverfi og líðan.

Hópráðgjöf var fyrir stúlkur á unglिंगastigi með námsráðgjafa, deildarstjóri unglिंगastigs og umsjónarkennari 8. bekkjar voru með á þeim fundum. Í 8. bekk var unnið með jákvæð samskipti, styrkleika þar sem rýnt var með jákvæðum huga í eigin garð og annarra. Í 10. bekk var farið í að skoða m.a. hvað einkennir jákvæðan og neikvæðan leiðtoga.

Sjálfstyrkingarnámskeið var fyrir stráka og stelpur í 6. og 7. bekk. Einnig voru nokkrir tímar í hópefli með drengjunum í 7. bekk eftir áramótin.

Námsráðgjafi hefur milligöngu varðandi **vinabekkjaverkefni** sem annars vegar snúa að eldri nemendum framhaldsskóla og yngri nemendum og hins vegar verkefni sem reynt var í annað sinn nú í ár og felst í að framhaldsskólanemendur á lokaári styðja félagslega við unglinga. Bendill, áhugasviðskönnun, var lögð fyrir nemendur í 10. bekk og farið yfir niðurstöðu með hverjum og einum.

Mat: Námsráðgjafi hefur á undanförnum árum verið í 50% starfi sem kennari á móti ráðgjöfinni. Á þessu skólaári voru kennslutímar nýttir enn frekar til að styrkja einstaka nemendur í námskeiðsformi s.s vegna sjálfsstyrikingar, námstækni og úrræða við námsvanda s.s lesblindu en minnka almenna kennslu. Í viðtölum við nemendur kom fram að þeir voru ánægðir með fundina og það umræðuefni sem var farið í. Fram kom hjá öllum að þeir vilja halda þessari vinnu áfram næsta vetur og finnst þeir

ánægðari og öruggari með sig í náminu. Kennarar segja að nemendur séu jákvæðari og hafi hlakkað til fundanna. Einnig fannst kennurum ánægjulegt að sjá hvað þeir voru stoltir þegar þeir fóru saman niður í tímana. Nemendur hafa sýnt aukinn metnað og tekið sig á með ýmislegt. Þegar litið er námsárangur og virkni á milli ára má sjá að það hefur orðið töluverð bæting. Ætla má að aukin vellíðan hafi þar áhrif en rannsóknir sína að líðan hefur m.a. áhrif á námsárangur nemenda. Þetta þykir því hafa komið mjög vel út og er fyrirhugað að þróa þessa vinnu áfram á næsta skólaári.

Fréttabréf Oddeyrarskóla: Tengja og Fréttakorn

Fréttabréf Oddeyrarskóla heitir **Tengja** og á nafngiftin að vísa til tengingar á milli heimila og skóla. Tengjan er líklega orðin 10-12 ára gömul og lengi vel var hún send heim til nemenda í skólatöskunum. Með auknum rafrænum samskiptum er hún nú nær eingöngu send heim til nemenda í gegnum Mentor. Það er líka sjálfsgagt fyrir foreldra að óska eftir henni útprentaðri ef þeir þurfa. Tengjan er ávallt sett á heimasíðu skólans þar sem lesa má nýjustu Tengjuna og eldri Tengjur.

Í vetur fengu foreldrar 11 Tengjur frá stjórnendum með ýmsum upplýsingum um skólastarfið. Miðað er við að send sé ein Tengja í upphafi hvers mánaðar, en þegar eitthvað sérstakt liggur fyrir er send aukatengja, t.d. fyrir árshátíð.

Auk þess að senda foreldrum fréttabréf mánaðarlega var byrjað á því að senda öllu starfsfólki **Fréttakorn frá stjórnendum** í lok hverrar vinnuviku í því skyni að auka upplýsingaflæði innan skólans. Í fréttakorninu koma m.a. upplýsingar um breytingar í starfsmannahópnum, fundaskipulag næstu viku, vinnu varðandi SMT o.fl.

Mat: Í vetur höfum við ekki gert könnun á lestri Tengjunnar en í síðustu könnun meðal foreldra las meirihluti hana og í vetur fengum við stundum athugasemdir og þakkir frá foreldrum fyrir Tengjur. Okkar mat er að Tengjan sé mikilvægur hluti af samskiptum heimila og skóla og góð til að ítreka ýmsar upplýsingar sem koma beint frá kennurum. Einnig er henni ætlað að gefa meiri heildarmynd af skólastarfinu en þeim upplýsingum sem koma frá kennurum.

Fréttakorn stjórnenda hefur mælst afar vel fyrir og þykir það hafa aukið upplýsingaflæði innan skólans.

Mötuneyti

Meðalnýting mötuneytis á skólaárinu var tæp 80%. Mest er nýtingin í 1.-4. bekk (93,1%) og minnkar eftir því sem ofar dregur (85,7 á miðstigi og 63,3 % nýting í 8.-10. bekk). Svipaða sögu má segja um ávaxta- og mjólkuráskrift sem er meiri í yngri bekkjum en er síðan minni hjá eldri nemendum.

Frístund

Frístund var í boði fyrir nemendur 1.-4. bekkjar í vetur frá því að hefðbundinni stundarskrá var lokið dag hvern og til klukkan 16:15. Þrír starfsmenn voru í Frístund. Nýtingin var mest í 1. og 2. bekk en athygli vakti að enginn úr 3. bekk var skráður í Frístund í vetur. Nokkrir nemendur 4. bekkjar nýttu Frístund.

Teymiskennsla - skýrslur teyma

Teymiskennsla í 1. og 2. bekk

Í 1. og 2. bekk veturinn 2013-2014 voru 3 kennarar í rúmlega 2,5 stöðugildum og einn stuðningsfulltrúi í 100% stöðu. Einnig fengum við aukakennara inn alla miðvikudagsmorgna, þroskaþjálfari aðstoðaði 3 kennslustundir í viku og aukakennari tók nemendur út 3x20 mín í viku.

Við byrjuðum á því strax að hausti að blanda 1. og 2. bekk saman í íþróttum, sundi og smiðjum. Íþróttatímar voru kynjaskiptir þvert á bekk. Stærðfræðina unnum við að mestu bekkjarskipta til þess að byrja með.

Fljótlega fórum við að blanda bekkjunum í Byrjendalæsisvinnu því við töldum vera mikla hagræðingu í því. Allir voru með sömu grunnbók og upplifðu því sömu söguna. Áherslur voru mismunandi eftir því hvort nemendur voru í stafainnlögn eða ekki. Við unnum allt í hringekjum / stöðvavinnu. Á hverri stöð vorum við yfirleitt með tvennslags verkefni sem nemendur fóru í eftir því hvort þeir voru í 1. eða 2. bekk. Dæmi um verkefni á stöð er t.d. stafainnlögn / vinna með samhljóðasambönd; vinna með a-orð/raða í stafrófsröð og svo framvegis. Við sáum fljótt að einstaklingsmiðun var mun auðveldari svona, hver nemandi fékk verkefni við hæfi þegar hann kom á stöð, hvort sem viðkomandi er í 1. bekk eða 2. bekk. Þetta gerði okkur kleift að endurinnleggja stafi fyrir þá nemendur sem það þurftu í 2. bekk og að vera með meira krefjandi verkefni fyrir þá nemendur í 1. bekk sem voru orðnir læsir. Verkefnin voru líka fjölbreyttari þar sem við vorum fleiri um að skipuleggja og fengum þess vegna fleiri/mismunandi hugmyndir.

Í svona stöðvavinnu verða hópastærðir líka viðráðanlegri og nemendur kynnast fleirum. Samvinna nemenda verður mjög mikil og nemendur eignast vini í báðum bekkjum. Hins vegar hentar ekki öllum börnum að vinna í svona hópum og rúllum og því var alltaf í boði fyrir þá sem það vildu að vinna einir.

Við tókum fyrir allmörg þemu í vetur og unnum með hvert þema í 1.-3 vikur. Við reyndum að velja fjölbreytt verkefni sem hentuðu sem stærstum hópi nemenda í hvert skipti. Dæmi um þemur eru:

- Asnaskóli – reglur og reglukennsla
- Geimverur - áherslan var á stafavinnu, samsett orð, gagnvirkan lestur og handmennt
- Úlfapema - áherslur stafavinna, ritun, hraðlestur.
- Prinsessur - áherslur hraðlestur, ritun, framsögn/upplestur.
- Jólápema - áherslur á vináttu, ritun og hljóðgreiningu, tjáning
- Pósthúspema - áherslur á persónulýsingar, lesskilning og mismunandi aðferðir við ritun, tjáning. Mannslíkamann – áherslur að nýta sér KVL og leitarlestur, hraðlestur, líkaminn
- Hafíð - áherslur á lífríkið í fjörunni sem og hafinu, hraðlestur, leitarlestur, yndislestur, paralestur

Samantekt:

Nemendur áttu að lesa heima daglega og vinna í réttitunarbók. Í flestum tilfellum er mikill samhljómur á milli þess hversu vel lestri var sinnt og framfaranna sem nemandinn sýndi. Sama gildir um réttitunina, þeir sem unnu reglulega heima í því sýndu betri árangur í t.d. lesmálskönnun – þættinum sem tekur á réttitun. Í 2. Bekk létum við nemendur setja sér markmið í lestri 3 sinnum yfir veturinn (í viðtölum). Kennarar fylgdu því eftir með því að taka atkvæðapróf á miðri leið og láta

foreldra og nemendur vita hver staðan væri. Við fundum fyrir miklum metnaði hjá bæði foreldrum og nemendum að ná markmiðum sínum og var þetta til þess að efla samstarf heimilis og skóla á þessu sviði.

Við unnum stöðugt að því að bæta námsárangur nemenda í skóla sem og í heimanámi. Við getuskiptum í stöðvavinnu og gátum þannig mætt nemendum enn frekar þar sem þeir eru staddir. Við útbjuggum lestrartengd verkefni til þess að hjálpa þeim sem eiga í erfiðleikum, hraðlestrarverkefni, verkefni sem reyna á nefnuhraða (bílabraut, tölvuverkefni), lestrarsprettir sendir heim og ýmis margnota verkefni í skóla. Niðurstaðan með þessari vinnu var að allir nemendur í 2. bekk bættu sig umtalsvert í lestri, margir um 100 atkvæði, allir a.m.k. tvöfölduðu árangur sinn frá hausti. Nemendur í 1. bekk stóðu sig líka með ágætum, komu mjög vel út úr Læsiskönnunum og atkvæðapróf í vor sýndi góðar framfarir hjá flestum.

Í stærðfræðinni lögðum við áherslu á að ögra þeim nemendum sem stóðu vel að vígi. Á vormánuðum tókst okkur það ágætlega, hífðum þau töluvert upp. Einnig settum við okkur það að virkja heimilin betur í stærðfræðinni og notuðum vefefnið frá Laugarnesskóla í það. Ekki voru allir foreldrar virkir í því en langflestir byrjuðu á því og u.þ.b. 1/3 hélt þessu til streitu út skólaárið. Þeir foreldrar sem voru virkastir töluðu um það hvað þetta væri skemmtileg leið til þess að læra stærðfræði, að spila saman.

Teymi 3: bekkjar

Nám og kennsla – þemaverkefni – vettvangsnám o.fl.

Í vetur höfum við áfram unnið með samþættingu á samfélagsfræði, náttúrufræði og Byrjendalæsi. Einnig höfum við tekið textílmennt inn í þessa samþættingu þegar vel hefur legið á okkur. Það sem hefur breyst frá því í fyrra er að bækurnar hafa verið efnismeiri og þar af leiðandi verið notaðar í fleiri en eina viku. Í hverri viku var unnið með lestur, ritun, tjáningu og hlustun. Áfram hefur verið lögð áhersla á fjölbreytta vinnu, paravinnu, hópavinnu, hringekju og fleira. Einnig höfum við lagt mikla áherslu á að gera verkefnum barnanna hátt undir höfði og haft þau til sýnis í stofunni. Það hefur hvatt þau enn frekar til að vanda vinnubrögð og bera virðingu fyrir stofunni og vinnu annara.

- Haustþema
- Jólþema
- Ævintýraþema
- Íslandsþema

Ásamt þessum þemum vorum við með tvö stór lestrarhvetjandi verkefni í gangi:

- **PALS** sem byggist upp á paralestri, endursögn, draga saman efnisgreinar og forspá. Nemendur tóku miklum framförum í lestri og lesskilningi og mælum við hiklaust með þessari aðferð. Staða nemenda í leshraða og lesskilningi var mæld við upphaf, miðju og við lok verkefnisins og eins og fram kom á kynningu hér í skólanum þá voru niðurstöður afar ánægjulegar.
- **Bókakista** er sérlega skemmtilegt verkefni þar sem áhersla er á lestur, sjálfstæði og sjálfsmat. Auk þess sem nemendur þjálfast í helstu markmiðum í málfræði og ritun og síðast en ekki síst góðum frágangi verkefna.

Unnið með lykilhæfni nemenda: Sjálfstæði og samvinna, tjáning og miðlun.

Í hverri viku hafa nemendur unnið í þörum eða hópum og þar með æft sig og þjálfast í samvinnu. Einnig hafa nemendur unnið mikið með fyrirmælaspjöld til að efla sjálfstæði. Bókakistu verkefnið var sérstaklega valið með aukið sjálfstæði í huga en þar var eingöngu unnið eftir fyrirmælaspjöldum og verkefnið krafðist þess að nemendur tækju þátt í að meta hvert verkefni fyrir sig.

Nemendur fengu þjálfun í að vera í sérfræðihópum og miðla sinni vinnu til bekkjarfélaga sinna. Einnig var mikið unnið með tjáningu, söng og upplestur á verkefnum. Mat á þessum lykilhæfnimarkmiðum var unnið með símati og umsögnum.

Unnið að því að bæta námsárangur nemenda: Í vetur höfum við áfram beitt okkur fyrir því að hver og einn nemandi nái þeim markmiðum sem við settum fyrir veturinn. Við höfum leitað ótal leiða til þess og mælt árangurinn með stöðluðum prófum í íslensku og stærðfræði ásamt símmati. Við rýndum í niðurstöður og greindum þarfir nemenda eftir þeim. Einnig hafa þeir nemendur sem ekki hafa fylgt hópnum farið í Logos og Talnalykil til að greina hvort einhver vandi sé fyrir hendi.

Teymi 4. bekkjar

Í íslensku var samþætting við náttúrufræði, sögu og samfélagsfræði. Hæfniviðmiðin voru sett fram í fjórum mismunandi flokkum samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla: talað mál, hlustun og áhorf; lestur og bókmenntir; ritun og málfræði. Kennsluaðferðirnar voru aðallega Byrjendalæsi, PALS og Orð af orði. Aðaláherslan var á lestur, lesskilning, ritun, skrift og framsögn ásamt málfræði og stafsetningu. Þau þemu sem unnið var með voru: Komdu og skoðaðu hringrásir; Komdu og skoðaðu landnámið og Litlu landnemarnir; Ísland áður fyrr; Jólþema (Jólasveinar Jóhannesar úr Kötlum); Þjóðsögur, Gullna hliðið (árshátíð); Ljóðalestur og ljóðagerð; Strumparnir og Komdu og skoðaðu sögu mannkyns. Einnig var unnið með Fágæti og furðuverk sem er samstarfsverkefni heimilis og skóla og Litlu upplestrarhátíðina.

Hæfniviðmið í stærðfræði voru sett fram í fjórum flokkum: Stærðfræði daglegs lífs, Tölur, reikningur og algebra, Rúmfræði og mælingar og Tölfræði og líkindi

Í stærðfræðinni var áhersla lögð á þá grunnþekkingu sem nauðsynleg er fyrir áframhaldandi nám. Unnið var í einstaklings- para- og hópavinnu og markmiðið að nemendur gætu sett fram munnlega og skriflega lausnaleyðir sínar og fært rök fyrir þeim. Einnig að nemendur tileinkuðu sér það viðhorf að gagnlegt sé að hafa stærðfræði á valdi sínu og að með ástundun sé hægt að ná tökum á henni.

Unnið var eftir árshjólí SMT og var regla eða áhersla vikunnar alltaf send í föstudagspósti til foreldra/nemenda. Einnig var SMT regla/áhersla vikunnar sett á töflu með öðrum markmiðum vikunnar sem farið var yfir með nemendum á mánudögum. Kennarar lögðu áherslu á skýr fyrirmæli, hrós og hvatningu.

Lykilhæfniþættirnir: Tjáning og miðlun og sjálfstæði og samvinna

Unnið var að þessum þáttum á ýmsan hátt. Námsumhverfi var haft hvetjandi og styðjandi, unnið var með fjölbreyttar kennsluaðferðir og stefnt að því að gera nemendur virka og sjálfstæða í námi sínu. Nemendur fengu ríkuleg tækifæri til að tjá hugsanir sínar og skoðanir, bæði í sérstökum gæðastundum, umræðum sem sköpuðust um ýmis mál, með ritunarverkefnum, í ljóðagerð og fleiru. Töluvert var unnið í hópum þar sem reyndi á samvinnu og samskipti. Í hópavinnunni skoðuðu nemendur með kennurum hverjir voru styrkleikar hvers og eins í hópnum og fundin verkefni með það til hliðsjónar. Þannig var nemendum gerð betur grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi.

Ekki náðist að þróa teymiskennslu í 3.-4. bekk þannig í vetur að hún næði að festa sig í sessi. Margt kemur þar sennilega til, tímaskortur, skortur á ákveðnu utanumhaldi og aðstoð við innleiðingu ásamt ónógum undirbúningi kennara teymisins. Markmiðið er þó að halda áfram innleiðingu teymiskennslu í 3-4 bekk næsta vetur, efla hana og festa betur í sessi með sameiginlegu átaki kennara.

Teymiskennsla í 5. - 7. bekk (miðstigi)

Nýtt teymi miðstigs var myndað á haustdögum 2013 og hafði það samvinnu að leiðarljósi. Við lögðum upp með samkennslu árganga á miðstigi í fjórum greinum og notkun matskvarða í tveimur þeirra. Það voru íslenska og stærðfræði og vildum við vinna þessi stóru fög út frá skýrum markmiðum. Stærsta breytingin fólst í vinnulagi nemenda og því að efla þau í ábyrgð á eigin námi. Þetta gerðum við meðal annars með því að nota áform og skýr markmið. Nemendur áætluðu hversu mikið þeir gætu unnið í hverri kennslustund og höfðu því mikið að segja um hvað var gert og hvenær. Þetta fyrirkomulag var hvetjandi fyrir sterku nemendurna því þau sáu tækifæri í því að vinna vel og komast þannig lengra í námsefninu og ná fleiri markmiðum.

Í íslensku gekk vel að mörgu leyti. Unnið var eftir markmiðum og nemendur áformuðu sig í lotum eða á meðan námsefnið var bókbundið. Öðrum lotum var stýrt með fjölbreyttum verkefnum frá kennurum þar sem áhersla var lögð á að þjálfá ólíka þætti samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Næsta skólaár verður áhersla lögð á fjóra meginþætti í íslenskunáminu samkvæmt Aðalnámskránni og þeir unnið hver fyrir sig, ásamt því að samþætta.

Enska var kennd í aldursblönduðum hópum en í hópana var raðað eftir getu. Hóparnir voru fjórir og sáu tveir kennarar um tvo hópa hvor. Tveir slakari hóparnir fóru yfir námsefni 5. bekkjar sem hentaði þeim vel, þá gátu þeir slakari í 6. og 7. bekk fengið tækifæri til að styrkja grunninn sinn í ensku. Tveir sterkari hóparnir unnu í meira krefjandi námsefni þar sem áhersla var lögð á lestur, hlustun og orðaforða.

Náttúrufræði var fjórða fagið sem var samkennt og kennt í tveimur stórum hópum á móti ensku. Þar unnu nemendur eftir fyrirfram ákveðnum verkefnum, s.s. verkefnabók, tilraunir, skýrslugerð og umræðuhópar. Nemendur unnu í námsefni sem var ætlað þeirra aldri og höfðu tækifæri á því að fá meira krefjandi efni ef vildi.

Miðstig vann í stóru verkefni í vetur sem tengdist upplýsingatækni. Við innleiddum Google í skólafarfið og höfum notað kerfið á mjög fjölbreyttan hátt í vinnu með nemendum. Allir nemendur á miðstigi fengu netföng og höfum við unnið út frá því. Upplýsingatækni var tengd inn í allar námsgreinar og unnum við námsmat að hluta í gegnum Google. Þar má nefna hversu mikil tækifæri felast í leiðbeinandi mati þegar nemendur vinna t.d. ritunarverkefni. Þar getur kennari veitt leiðsögn á meðan á hugsmíðinni stendur í stað þess að meta lokaafurðina.

Við héldum kynningarfund fyrir foreldra um niðurstöður rýnihópavinnu nemenda. Við lögðum upp með fjórar spurningar varðandi námsfyrirkomulagið í íslensku og stærðfræði og nemendur ræddu málin í blönduðum hópum. Unnið var eftir kerfinu 1, 2 og allir. Þetta framtak gekk rosalega vel og voru foreldrar, nemendur og kennarar virkilega ánægðir með hvernig til tókst. Það urðu mjög góðar samræður milli allra aðila á fundinum og kom fram mikil ánægja með vinnu miðstigs.

Önnur fög voru kennd á bekkjargrundvelli.

Mat á því hvernig til tókst: Vinna við stærðfræði gekk að mestu leyti vel og nemendur tileinkuðu sér breytt vinnubrögð. Á næsta skólaári verður lögð áhersla lögð á að auka hlutbundna vinnu í

stærðfræði t.d. með spilum, hringekjuvinnu og fleira. Við sjáum aukinn árangur nemenda í stærðfræði, aukinn áhuga á stærðfræði og sterkir nemendur blómstra í þessu kerfi.

Næsta skólaár þarf að huga að því að hafa fasta hópa en ekki rúllandi. Lotur í íslensku þurfa að vera formfastar og við þurfum að gæta þess að velja vel markmið sem vinna á með í hvert sinn. Einnig viljum leggja áherslu að við séum með á hreinu í upphafi lotu hvernig við ætlum að meta hvort markmiðum hafi verið náð eða ekki.

Í ensku þarf að huga sérstaklega vel að þeim nemendum sem ná ekki tókum á tungumálinu. Við viljum leggja til að þeir vinni að færri markmiðum og fái mikla aðstoð, vinna í litlum hópum hentar þeim vel.

Skólaárið enduðum við með því að bjóða tilvonandi miðstignemendum með okkur í útivist að Hömrum líkt og við gerðum árið á undan og gekk það mjög vel.

Smiðjur á unglingasstigi (samfélagsfræði – íslenska – náttúrufræði)

Nemendur í 8.-10. bekk, blandaðir hópar á móti sundi.

Markmið var að efla nemendur í lykilhæfnipáttum nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla 2011, sérstök áhersla var lögð á ábyrgð og mat á eigin námi, tjáning og miðlun og sjálfstæði og samvinna. Gengið var út frá hæfniviðmiðunum við lok 10. bekkjar.

Vinnulag: langoftast var unnið hópum, sem nemendur annaðhvort völdu sig sjálfir í eða kennarar skipuðu nemendum í hópa. Í upphafi hvers verkefnis var lögð sérstök áhersla á að kynna markmið þess, svo nemendum væri vel ljóst til hvers var ætlast af þeim. Vinnubrögðin sem krafist var voru að nokkru leyti frábrugðin því sem nemendur eru vanir og nemendur voru misduglegir að tileinka sér þessi nýju vinnubrögð. Aðalmunurinn var að nemendur réðu að miklu leyti sjálfir ferðinni í mörgum verkefnum. Þeir þurftu sjálfir að ákveða hvernig þeir ætluðu að skipuleggja verkefnið, skipta með sér verkum og útfæra það. Sumir nemendur blómstruðu, þeir sáu tilgang verkefnisins, nýttu sér afskaplega vel það frjálsræði sem þeim var gefið og skiluðu afburðagóðum verkefnum. Þar nutu sín best nemendur sem voru sjálfstæðir, öryggir og með hugmyndaflug. Nokkrir nemendur, of margir, áttu erfitt með að koma sér af stað og skiptu þá engu máli hvort þeir fengu sjálfir að velja sér verkefni tengd áhugamálum eða hvort kennarar lögðu fyrir ákveðin verkefni. Þer tóku ekki ábyrgð á verkefnum og reyndu að fljóta á vinnu annarra. Þetta vekur upp þær spurningar hvort búið sé að taka ábyrgðina of mikið frá nemendum og þeir séu „mataðir“ of mikið, hvort búið sé að drepa niður í þeim frumkvæðið eða hvort ákveðinn hópur nemenda sé orðinn vanur því að geta „falið“ sig og komið sér undan ábyrgð. Mikilvægt er að finna leiðir til að virkja þennan hóp nemenda.

Í upphafi var eftirfylgni kennara með hópum losaraleg en betur gekk þegar kennarar skiptu með sér ábyrgð á hópum.

Verkefni sem lögð voru fyrir:

- Íslenskar jurtir
- Eðlismassatilraunir
- Samræður
- Jólaverkefni

- Afríka
- Umhverfisverkefni
- Áhugamál

Námsmat: Í námsmati voru farnar fjölbreyttar leiðir, kennarar mátu nemendum eftir ákveðnum matskvörðum, nemendur mátu sig sjálfir eftir kvörðum. Nemendur fengu endurgjöf á verkefnum í lok flutnings og einnig prófuðu kennarar að taka hópana í viðtal eftir að verkefnum var lokið. Við hefðum þurft að leggja enn meiri áherslu á leiðbeinandi mat við lok verkefna þannig að það skilaði sér í næsta verkefni, því það sýndist okkur bera mestan árangur. Undir lokin prófuðum við að láta nemendur meta verkefni sitt á google drive. Við það sjáum við marga kosta og þá helst að þá eru allar upplýsingar á einum stað og engin hættu á að matið tynist. Einnig teljum við að nemendur leggi sig betur fram við matið ef þeir gera það einir í rólegheitum í tölvu heldur en þeir þurfa að skila blaði til kennara.

Annað: Það er mjög óþægilegt að hafa verkefni sem þessi á móti sundi, því erfitt var að virkja þá nemendur sem ekki gátu mætt í sund af ýmsum ástæðum.

Það sem þarf að hafa í huga fyrir næsta vetur:

- Heildarlínur fyrir veturinn ljósar strax í upphafi
- Skýr markmið í upphafi hvernar kennslustundar
- Úrræði fyrir nemendur sem ekki ná lykilhæfnipáttunum, hvernig á að þjálfa ábyrgð, sjálfstæði, samvinnu?
- Fylgja mjög vel eftir nemendum sem ekki ná utan um þessi verkefni og kenna þeim þau vinnubrögð sem þeir verða að beita.
- Halda vel utan um matið, hafa það leiðbeinandi svo það skili sér í bættum vinnubrögðum.

María, Fjóla og Gísli

Lokaorð

Þetta er í þriðja sinn sem skýrsla skólaárs er unnin með þessum hætti. Stuðst var við skýrslu síðasta árs við val á efnisflokkum en eins og gefur að skilja er sumt svipað frá ári til árs og óþarfi að tíunda ár hvert og annað sem er einstakt fyrir hvert skólaár.

Matsnefnd hóf störf í haust og sem vann að því að leggja drög að fyrirkomulagi á innra mati skólans og líklegt er að það verði birt opinberlega á einhverjum vettvangi, annað hvort með svipuðu sniði og þessi tvö ár eða á annan hátt.

Júní 2014

Anna Bergrós Arnarsdóttir

Fjóla Kristín Helgadóttir

Kristín Jóhannesdóttir